

## Skotið<sup>1</sup>

Við háðum einvígi.

*Baratynskí*<sup>2</sup>

Ég sór að skjóta hann samkvæmt reglum einvígisins  
(ég átti enn inni mitt skot).

*Kvöld í herbúðunum*<sup>3</sup>

### I

Við höfðum aðsetur í bænum \*\*\*. Líferni liðsforingja í hernum<sup>4</sup>  
er vel þekkt. Á morgnana eru æfingar og reiðþjálfun, mið-

---

<sup>1</sup> „Выстрел“. Þýðingin er gerð eftir texta sögunnar í: A. С. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, þriðja útg., Moskva: Наука, 1964, 6. bindi, bls. 85–101.

<sup>2</sup> Tilvitnun í ljóðið „Бал“ eftir E. A. Baratynskí (1800–1844). Púshkín hafði miklar mætur á Baratynskí og taldi hann til fremstu skálda Rússlands. Neðanmálsskýringar eru að mestu byggðar á skýringum í: A. С. Пушкин, *Повести покойного Ивана Петровича Белкина*. A. S. Pushkin, *Tales of the late Ivan Petrovich Belkin*, ritstjóri og höfundur inngangs, eftirmála, skýringa og orðabókar, Norman Henley, Letchworth, Hertfordshire: Bradda Books Ltd., 1965, bls. 111–113; A. С. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, bls. 759–760; A. S. Pushkin, *Tales of the late Ivan Petrovich Belkin. Повести покойного Ивана Петровича Белкина*, ritstj. B. O. Unbegaun, Oxford: Basil Blackwell, 1960, bls. 9–26. Allar neðanmálgreinar hédan í frá eru athugasemdir þýðanda.

<sup>3</sup> „Вечер на бивуаке“, smásaga eftir A. Bestúzhev-Marlínskí (1797–1837). Sagan birtist árið 1823 í blaðinu *Полярная звезда*. Blaðið, sem var athvarf fyrir sjónarmið svonefndra dekabrista (eða „desemberista“), gaf Bestúzhev út ásamt K. F. Rylejev. Dekabristar höfðu með sér leynileg samtök og gerðu misheppnaða uppreisn gegn einveldinu og bændánaudið þegar sverja átti Nikulási I. hollustu, í Sankti Pétursborg í desember árið 1825. Orðið „dekabristar/desemberistar“ er dregið af orðinu „desember“ (rússn. *декабрь* [dekabr]). Í samtökunum voru m.a. menn af aðalsættum og liðsforingjar sem höfðu tekið þátt í Napóleonsstríðunum. Fimm helstu forsprakkar uppreisnarmannanna, þar á meðal Rylejev, voru teknir af lífi í kjölfarið en fjölmargir voru sendir í útlegð til Síberíu og enn aðrir, einkum óbreyttir hermenn, máttu þola líkamlegar refsingar.

<sup>4</sup> Í frumtexta eru notuð orðin „армейский офицер“, (e. *army officer*) sem vísar til „venjulegra“ liðsforingja. Þeir voru gjarnan staðsettir fjarri höfuðborginni, ólíkt „liðsforingjum í varðliðinu“ (rússn. *гвардейский офицер*, e. *officer of the Guards*) – sem þess vegna lifðu fjölbreyttara samkvæmislífi.

degisverður hjá hersveitarforingjanum eða á einhverri gyðinga-kránni, á kvöldin þúns og spil. Í \*\*\*<sup>5</sup> stóð okkur ekki eitt einasta hús opið og þar var ekki heldur eitt vænlegt kvonfang. Við komum saman heima hjá hver öðrum, þar sem við höfðum ekkert fyrir augunum nema eigin einkennisbúninga.

Í okkar hópi var aðeins einn maður sem ekki gegndi herþjónustu. Hann var um það bil þrjátíu og fimm ára og við litum því á hann sem gamalmenni. Reynslan veitti honum margvíslega yfirburði fram yfir okkur hina; auk þess var hann yfirleitt önugur, harður í lund og hvassyrstur, og allt hafði þetta mikil áhrif á óhörðnuð hjörtu okkar. Örlög hans höfðu yfir sér einhvern leyndardómsfullan blæ; hann var rússneskur en bar ekki rússneskt nafn. Áður fyrr hafði hann verið í þjónustu húsaranna<sup>6</sup> við góðan orðstír; enginn vissi hvað hafði orðið til þess að hann ákvað að draga sig í hlé og setjast að í þessu litla fátæklega þorpi þar sem hann lifði fábrotnu lífi, þótt ekki vantaði rausnarskapinn. Hann fór allra sinna ferða fótgangandi í útslitnum svörtum frakka en var alltaf með opið hús fyrir alla liðsforingjana í okkar hersveit. Maturinn samanstóð reyndar aðeins af tveimur eða þremur réttum sem hermaður á eftirlaunum sá um að útbúa en kampavínið rann í stríðum straumum. Enginn vissi neitt um fjárhag hans eða tekjur og enginn dirfðist að spyrja hann út í það. Hann átti nokkuð af bókum, flestar um hernað en einnig skáldsögur. Hann var óspar á að lána þær og bað aldrei um að þeim yrði skilað; sjálfur skilaði hann aldrei bók sem hann hafði fengið að láni. Aðaláhugamál hans var skotfimi með skammbyssu. Upp um alla veggja mátti sjá göt eftir byssukúlur sem minntu á hunangshólf í býflugnabúi. Mikilfenglegt byssusafn var eini fjársjóður í hans fátæklegu húsakynnum. Hann hafði náð gríðarlegri færni í skotlistinni og ef hann hefði boðist til að skjóta niður peru af kaskeiti einhvers gesta sinna, hefði enginn úr hersveitinni hikað við að

<sup>5</sup> Þessi síður, að fella út staðarheiti, var algengur í bókmenntum þessa tíma. Þetta er e.t.v. gert til að spilla ekki fyrir lesandanum, þ.e. ef nákvæm staðsetning skiptir ekki máli. Með þessum hætti getur lesandinn sjálfur gert sér mynd af þeim stað sem hann kýs.

<sup>6</sup> Léttvopnaðar riddaraliðssveitir sem ekki voru hluti af fastaher viðkomandi lands. Menn voru sérstaklega valdir í sveitir húsara eða sóttu um inngöngu í þær. Húsarar sinntu sérstökum verkefnum, t.d. eftirliti og landamæravörslu. Klæðnaður húsaranna var nokkuð frábrugðinn annarra hermanna og þótti glæsilegur.

bjóða sig fram. Samræðurnar snerust gjarnan um einvígi; Silvio (eins og ég mun kalla hann) blandaði sér aldrei í þær. Ef hann var spurður hvort hann hefði tekið þátt í einvígi, svaraði hann þurrlega að það hefði hann gert en fór ekki nánar út í þá sálma og greinilegt var að slíkar spurningar voru honum ekki að skapi. Við gerðum ráð fyrir að hann hefði á samvisskunni eitthvert ógæfusamt fórnarlamb sinnar skelfilegu listar. Aldrei hvarflaði að okkur að gruna hann um hugleysi af neinu tagi. Sumir menn eru þannig að útlitið eitt kemur í veg fyrir slíkar grunsemdir. Óvænt atvik kom okkur öllum í uppnám.

Eitt sinn sátum við um það bil tíu liðsforingjar til borðs hjá Silvio og drukkum eins og vant var, það er að segja mjög stíft. Eftir matinn reyndum við að fá húsráðanda til að taka að sér bankann í spili. Lengi vel baðst hann undan því, þar eð hann spilaði yfirleitt aldrei, en á endanum lét hann þó sækja spil, henti fimmtíu gullpeningum á borðið og fór að gefa. Við hópuðumst í kringum hann og spilið hófst. Silvio var vanur að hafa algera þögn á meðan spilað var, karpaði hvorki um leikreglur né ræddi spilamennskuna yfirleitt. Ef spilamanni varð á að telja skakkt, þá ýmist borgaði Silvio strax út mismuninn eða skráði niður skuld eftir atvikum. Við vissum þetta og leyfðum honum að hafa þetta eftir eigin höfði, en í hópnum var liðsforingi sem nýlega hafði verið fluttur til okkar. Hann tók þátt í spilinu og tvöfaldaði veðmálsupphæðina í ógáti. Silvio tók kítina og jafnaði reikningana á töflunni eins og hann var vanur. Liðsforinginn hélt að Silvio hefði gert mistök og fór að malda í móinn. Silvio hélt þegjandi áfram að gefa. Liðsforinginn missti þolinmæðina, þreif töfluburstann og þurrkaði út það sem hann taldi að hefði verið skrifað á hann að ósekju. Silvio tók kítina og leiðrétti stöðuna. Liðsforinginn, sem var orðinn hreifur af víni, spilum og hlátri félaganna, taldi sér gróflega misboðið, greip í bræði bronskerta-stjaka af borðinu og fleygði í átt að Silvio sem rétt náði að víkja sér undan. Það kom fát á okkur. Silvio stóð upp fögur af heift og augun skutu gneistum þegar hann sagði:

– Náðugi herra, gjörið svo vel að fara héðan út og þakkið Guði fyrir að þetta skuli hafa gerst heima hjá mér.

Við efuðumst ekki um eftirmálin og töldum hinn nýja féлага okkar svo gott sem dauðan. Liðsforinginn hvarf á braut og sagðist

reiðubúinn að svara fyrir þessa móðgun á hvern þann hátt sem herra bankhafa þóknaðist. Við spiludum áfram nokkra stund, en þar eð við fundum að húsráðandinn var ekki í skapi fyrir spíla-mennsku kvöddum við einn af öðrum, héldum heim á leið og skeggræddum embættið sem myndi væntanlega losna fljótlega.

Í reiðskólanum daginn eftir vorum við farnir að spyrjast fyrir um hvort vesalings liðsforinginn væri enn lifandi þegar hann birtist í eigin persónu á meðal okkar; við spurðum hann þess sama. Hann svaraði því til að enn hefði hann ekkert frétt frá Silvio. Þetta vakti undrun okkar. Við fórum til Silvio og komum að honum í húsa-garðinum þar sem hann skaut hverri kúlunni af annarri í ás sem festur hafði verið á grindverkið. Hann tók á móti okkur eins og hann var vanur og minntist ekki einu orði á atburði gærdagsins. Þrjú dagar liðu og liðsforinginn lifði enn. Við spurðum hver annan furðu lostnir: Ætlar Silvio virkilega ekki að berjast? Silvio barðist ekki. Hann sætti sig við léttvæga afsökun og friðmæltist við liðsforingi-ann.

Við þetta beið hann mikinn álitshnekki í augum ungu mann-anna. Skortur á dirfsku er það sem ungir menn eiga erfiðast með að fyrirgefa, þar eð þeir telja dirfsku æðsta allra mannkosta og vega upp á móti hvaða lesti sem er. Þrátt fyrir það gleymdist atvikið smám saman og Silvio náði sínum fyrri áhrifum meðal okkar.

Ég einn gat ekki umgengist hann eins og áður. Að eðlisfari var ég uppfullur af rómantískum hugmyndum og hafði öðrum fremur dregist að þessum manni sem virtist lifa svo leyndardómsfullu lífi og mér fannst vera eins og hetja í dularfullri sögu. Honum þótti vænt um mig, í það minnsta var ég sá eini sem hann gat talað við af einlægni og vinsemd um margvísleg málefni og án þess að viðhafa sína venjulegu, beittu kaldhæðni. Eftir þetta ólánskvöld vék ekki frá mér sú hugsun að heiður hans hefði verið svertur og það væri hans eigin sök að hann hefði ekki verið hreinsaður. Þessi hugsun kom í veg fyrir að ég gæti umgengist hann eins og áður; ég fyrirvarð mig þegar ég horfði á hann. Silvio var allt of lífsreyndur og vel gefinn til að taka ekki eftir þessu og geta sér til um ástæðuna. Svo virtist sem hann hefði áhyggjur af þessu, að minnsta kosti þóttist ég taka eftir því einu sinni eða tvisvar að hann langaði til að segja mér hvernig lægi í málinu en ég vék mér undan og hann lét það gott heita. Upp

frá þessu hitti ég hann aðeins ásamt félögum mínum og okkar opin-skáu samtöl heyrðu sögunni til.

Önnum kafnir íbúar höfuðborgarinnar skilja ekki ýmsar þær tilfinningar sem íbúar í smábæjum og til sveita þekkja svo vel; eins og til dæmis eftirvæntinguna eftir póstdeginum; á þriðjudögum og fimmtudögum var hersveitarskrifstofan okkar full af liðsföringjum: Einhver átti von á peningum, annar bréfi, sá þriðji dagblöðum. Pakkarnir voru yfirleitt opnaðir á staðnum, fréttir voru sagðar og skrifstofan iðaði af lífi. Silvio fékk sín bréf send til hersveitarinnar okkar og var því venjulega á staðnum. Einu sinni fékk hann sendingu sem hann reif innsiglið af með greinilegri óþreyju. Hann renndi yfir bréfið og augun leiftruðu. Liðsföringjarnir voru allir uppteknir af eigin bréfum og tóku ekki eftir neinu.

– Herrar mínir, sagði Silvio, – aðstæður krefjast þess að ég fari héðan þegar í stað, ég fer í nótt. Ég vona að þið þiggið boð mitt um að snæða með mér í síðasta sinn. Ég vænti þess að þér komið einnig, hélt hann áfram og sneri sér að mér, – ég geri skilyrðislaust ráð fyrir yður.

Með þessum orðum hraðaði hann sér á braut og við sammæltumst um að hittast hjá Silvio og fórum hver í sína áttina.

Ég kom til Silvio á tilsettum tíma og sá að næstum öll hersveitin var mætt. Búið var að pakka saman öllum eigum hans, ekkert var eftir nema berir sundurskotnir veggirnir. Við settumst til borðs; húsbóndinn var í hinu besta skapi og kæti hans smitaði fljótt út frá sér; tapparnir fuku hver af öðrum. Það klingdi án afláts í freyðandi glösum og af hjartans einlægni óskuðum við ferðalangnum góðrar ferðar og allra heilla. Það var orðið áliðið er við stóðum upp frá borðum. Menn fundu húfur sínar, Silvio kvaddi hvern og einn en tók um höndina á mér og stöðvaði mig þegar ég var um það bil að fara út.

– Ég þarf að tala við yður, sagði hann lágt. Ég varð eftir.

Gestirnir fóru; við urðum tveir eftir, settumst andspænis hvor öðrum og reyktum pípurnar þegjandi. Silvio var áhyggjufullur; það vottaði ekki lengur fyrir krampakenndri kætinni. Drungalegur fölvinn, glansandi augun og þykkur reykurinn sem hann blés frá sér léðu honum yfirbragð djöfulsins sjálfs. Nokkrar mínútur liðu og Silvio rauf þögnina.

– Það er ekki víst að við hittumst aftur, sagði hann við mig, – áður en við skiljumst langar mig að segja yður dálítið. Þér hafið ef til vill tekið eftir því að ég læt mig litlu varða álit annarra, en mér þykir vænt um yður og mér þætti þungbært að skilja yður eftir með rangar hugmyndir um mig.

Hann þagnaði og fór að slá úr kulnaðri pípunni; ég þagði og horfði niður fyrir mig.

– Yður þótti skrýtið, hélt hann áfram, – að ég skyldi ekki gera upp sakirnar við þennan drukkna vitleysing, R\*\*\*. Þér hljótið að taka undir að þar eð ég var í rétti til að velja vopnið, var líf hans í mínum höndum og ég hafði svo að segja ekkert að óttast. Ég gæti skrifað hófsemi mína á eigið göfuglyndi, en ég vil ekki fara með ósannindi. Ef ég hefði getað refsað R\*\*\* án þess að leggja eigið líf í minnstu hættu, þá hefði ég ekki undir nokkrum kringumstæðum látið hann sleppa svo auðveldlega.

Ég horfði undrandi á Silvio. Játning af þessu tagi kom mér algerlega í opna skjöldu. Silvio hélt áfram.

– Einmitt, ég hef ekki rétt til að leggja líf mitt í hættu. Fyrir sex árum var mér rekinn löðrungur og óvinur minn lifir enn.

Forvitni mín var undir eins vakin.

– Börðust þér ekki við hann? spurði ég. – Aðstæðurnar hafa væntanlega komið í veg fyrir það?

– Ég barðist við hann, svaraði Silvio, – og hér er minnimerki um einvígi okkar.

Silvio stóð á fætur og tók rauða húfu með gullnum dúski og borða (það sem frakkar kalla bonnet de police<sup>7</sup>) upp úr pappaöskju. Hann setti húfuna upp; réttum þumlungi fyrir ofan derið var gat eftir byssukúlu.

– Yður er kunnugt um, hélt Silvio áfram, – að ég var í þjónustu \*\*\* húsarasveitarinnar. Þér þekkið skapgerð mína: ég er vanur því að vera fremstur í flokki, það hefur verið ástríða mín frá barnæsku. Á þessum tíma var ofstopi móðins: ég var aðalóeirðaseggurinn í hernum. Við gortuðum af eigin drykkjuskap; ég drakk hinn fræga Búrtsov undir borðið, þann sem Denís Davydov hefur lofsungið í

---

<sup>7</sup> Lögregluhúfa. Hér er líklega átt við höfuðfat sem húsarar brúkuðu.

kvæðum sínum.<sup>8</sup> Einvígi voru tíð í hersveit okkar og ég kom við sögu í þeim öllum, ýmist sem vitni eða þátttakandi. Félagar mínir báru virðingu fyrir mér en sveitarforingjarnir, sem komu og fóru, umbáru mig af illri nauðsyn.

Áhyggjulaus (eða áhyggjufullur) naut ég orðstírsins, þegar ungur maður af ríkri og kunnri ætt var sendur til okkar (ég vil ekki nefna hann með nafni). Annan eins gæfumann og glæsímenni hafði ég aldrei fyrirhitt. Hugsíð yður æsku, gáfur, fegurð, fullkomna lífsgleði, skeytingarlausá dirfsku, nafn sem allir þekkja, takmarkalaus auðæfi sem myndu aldrei þverra – þér getið rétt ímyndað yður hvílík áhrif hann hlaut að hafa í okkar hópi. Foringjahlutverki mínu var ógnað. Hann heillaðist af orðsporinu sem af mér fór og reyndi að öðlast vináttu mína en ég var kuldalegur í hans garð og hann fjarlægðist mig án nokkurrar eftirsjár. Ég fór að hata hann. Sigrar hans í hersveitinni og kvenhylli urðu til þess að ég var á barmi örvæntingar. Ég fór að stofna til illinda við hann; háðvísunum mínum svaraði hann með háðvísunum sem mér virtust ávallt vera áreynslulausari og beittari en mínar eigin, og þær voru auðvitað miklu gáskafyllri: hann gerði að gamni sínu en ég var fullur heiftar. Svo fór að lokum, á dansleik sem pólskur landeigandi hélt okkur, þegar ég sá að hann var miðdepill athyglinnar hjá kvenfólkinu og þá einkum sjálfri húsfreyjgunni, sem ég hafði áður verið í tygjum við, að ég hvíslaði einhverri grófri móðgun í eyra hans. Hann rauk upp og rak mér löðrung. Við gripum um sverðin, dömurnar féllu í yfirlið, við vorum skildir að og þessa sömu nótt mættumst við í einvígi.

Þetta var við sólarupprás. Ég stóð á tilteknum stað ásamt þremur einvígisvottum. Með ósegjanlegri eftirvæntingu beið ég andstæðingsins. Vorsólin var komin á loft og hitinn var farinn að segja til sín. Ég kom auga á hann úr fjarlægð. Hann kom gangandi í ein-kennisbúningi og með sverð, ásamt einvígisvotti. Við fórum til móts við hann. Hann gekk nær og hélt á derhúfunni sem var full af kirsuberjum. Einvígisvottarnir mældu fyrir okkur tólf skref. Ég átti

---

<sup>8</sup> Denis Davydov (1784–1839) var skáld, liðsforingi í sveit húsara og vinur Púshkíns. Davydov varð frægur fyrir framgöngu sína í hernaðinum gegn Frökkum árið 1812. Hann er talinn vera fyrirmynd persónunnar Vasílí Denísov, í skáldsögu Tolstojs, *Stríð og friður*. A. P. Búrtoov (1783–1813) var liðsforingi í sveit húsara og þekktur drykkju- og bardagamaður. Davydov samdi um hann nokkur kvæði, s.s. „Гусарский пир“ og „Призывание на пунш“.

að skjóta fyrst en illskan hafði náð svo sterkum tökum á mér að ég gat ekki treyst því að höndin yrði stöðug og til að fá ráðrúm til að róa mig niður, bauð ég honum að skjóta fyrst: andstæðingur minn samþykkti það ekki. Ákveðið var að varpa hlutkesti og hann vann, enda gæfan alltaf hans megin. Hann miðaði og hæfði húfuna mína. Röðin var komin að mér. Líf hans var loks í mínum höndum; ég horfði á hann af ákafa og reyndi að merkja þó ekki væri nema vott af óróleika. Hann stóð andspænis byssunni, valdi þroskuðustu berin úr derhúfunni og spýtti út úr sér steinunum sem flugu í áttina til mín.<sup>9</sup> Skeytingarleysi hans gerði mig æfan. Hvaða gagn hef ég af því, hugsaði ég, að svipta hann lífinu ef hann metur það einskis? Meinfýsinni hugmynd laust niður í huga mér. Ég sleppti byssunni.

– Þér virðist ekki mega vera að því að deyja núna, sagði ég við hann, – þér kjósið að snæða morgunverð; ég vil ekki trufla yður.

– Þér truflað mig ekki hið minnsta, svaraði hann, – viljið þér vera svo vænn að skjóta, eða, hafið það eins og þér viljið, þér eigið skotið inni; ég verð ávallt til þjónustu reiðubúinn.

Ég sneri mér að einvígisvottunum og tilkynnti þeim að ég hefði ekki í hyggju að skjóta í þetta sinn og þar með var einvíginu lokið.

Ég hvarf úr herþjónustu og flutti í þetta litla þorp. Allan þennan tíma hefur ekki liðið sá dagur að ég hafi ekki hugsað um hefnd og nú er stundin runnin upp.

Silvio tók úr vasa sínum bréfið sem hann hafði fengið um morguninn og leyfði mér að lesa það. Einhver (líklega viðskiptaráðgjafi hans) hafði skrifað honum frá Moskvu og sagt að *ákveðin persóna* myndi fljótlega ganga í hjónaband með ungri og fagurri stúlku.

– Þér getið yður líklega til um, sagði Silvio, hver þessi *ákveðna persóna* er. Ég er á leið til Moskvu. Við skulum sjá hvort hann verður jafn kærulaus andspænis dauðanum rétt fyrir eigið brúðkaup eins og þegar hann beið hans með munninn fullan af kirsuberjum.

Með þessum orðum stóð hann upp, fleygði hattinum á gólfið og tók að ganga fram og aftur um herbergið eins og ljón í búri. Ég

---

<sup>9</sup> Hér er um sjálfsvævisögulega tilvísun að ræða. Þegar Púshkín var í útlegð í Kishínjov mætti hann liðsforingjanum Zúbov í einvígi og gæddi sér þá á kirsuberjum. Zúbov skaut, en missti marks – Púshkín skaut ekki.



hlýddi á hann hreyfingarlaus; undarlegar og mótsagnakenndar tilfinningar ólguðu innra með mér.

Þjónninn kom inn og tilkynnti að hestarnir væru klárir. Silvio tók þétt um hönd mína; við kysstumst. Hann settist í vagninn þar sem voru tvær ferðatöskur, í annarri voru byssurnar hans, í hinni persónulegir munir. Við kvöddumst enn og aftur og hestarnir þeystu af stað.

## II

Nokkur ár liðu og fjölskylduaðstæður urðu til þess að ég neyddist til að setjast að í lítilfjörlegu þorpi í sýslunni N\*\*\*. Ég stundaði búskap en andvarpaði í hljóði af söknuði eftir því glaðværa og áhyggjulausa lífi sem ég hafði áður lifað. Erfiðast þótti mér að venjast því að eyða haust- og vetrarkvöldum í algerrí einveru. Fram að kvöldmat tókst mér einhvern veginn að drepa tímann, fór yfir málin með ráðsmanninum, hafði eftirlit með verkefnum og skoðaði nýjar byggingar, en um leið og tók að rökkva vissi ég ekki hvað ég átti af mér að gera. Þær fáu bækur sem ég fann í skápum og í geymslunni kunni ég utan að. Hvert einasta ævintýri sem ráðskonan Kírílovna gat mögulega rifjað upp var hún búin að segja mér margsinnis; söngvar sveitakerlinganna gerðu mig leiðan. Litlu mátti muna að ég færi að drekka ósæta líkjöra en ég fékk höfuðverk af því. Já, og ég viðurkenni að ég óttaðist að verða fyllibytta af einskærum leiðindum, en slíkar fyllibyttur eru þær allra leiðinlegustu og af þeim var meira en nóg í sýslunni okkar. Ég átti enga nákomna nágranna utan tvær eða þrjár örlagabyttur sem héldu uppi samræðum með hikstum og andvörpum. Þá var einveran skárri.

Í fjögurra versta<sup>10</sup> fjarlægð frá mér var glæsilegur herragarður í eigu greifynjunnar B\*\*\*, en þar bjó aðeins bústjórinn. Greifynjan hafði aðeins heimsótt herragarðinn einu sinni, á fyrsta hjúskaparári sínu, og eyddi þá ekki nema mánuði þar. En annað vorið mitt í einverunni fór af stað orðrómur þess efnis að greifynjan hygðist dveljast í sveitinni ásamt manni sínum yfir sumarið. Það stóð heima, þau komu í byrjun júní.

---

<sup>10</sup> Gömul rússnesk mælieining, u.þ.b. 1,7 km.

Koma auðugs nágranna er mikilsverður viðburður fyrir sveita-fólk. Óðalseigendur og hjú þeirra tala um það í tvo mánuði fyrir komuna og þrjú ár á eftir. Hvað sjálfan mig snerti, þá viðurkenni ég að fréttin um komu ungrar og fagurrar nágrannakonnu hafði mikil áhrif á mig; ég beið þess með óþreyju að fá að hitta hana og því var það að fyrsta sunnudaginn eftir að hún kom, fór ég að loknum hádegisverði í þorpið \*\*\* til að kynna mig fyrir hinum náðugu hjón-um, sem þeirra næsti nágranni og auðmjúkur þjónn.

Herbergisþjónninn vísaði mér inn á skrifstofu greifans en sjálfur fór hann að tilkynna um komu mína. Rúmgott herbergið var afar ríkmannlega búið: við veggina stóðu bókaskápar, og á hverjum skáp var brjóstmynd úr bronsi; yfir eldstæði úr marmara hékk veglegur spegill; á gólfinu var grænn dúkur þakinn teppum. Þar eð ég hafði vanist af íburði í mínum fátæklegu húsakynnum og hafði ekki í langan tíma litið ríkidæmi annarra augum, fór ég hjá mér og beið greifans með sama kvíða og erindreki af landsbyggðinni bíður komu ráðherra. Dyrnar opnuðust og inn gekk glæsilegur maður sem var á að giska 32 ára. Greifinn gekk til mín einlægur á svip og vinsamlegur í fasi; ég reyndi að herða upp hugann og fór að segja deili á sjálfum mér en hann stöðvaði mig. Við settumst. Tal hans var frjálst og þægilegt og fljótlega hvarf mér nístandi óframfærnin; ég var að verða eins og ég átti að mér að vera þegar greifynjan kom skyndilega inn og á mig kom enn meira fát en áður. Hún var svo sannarlega fögur. Greifinn kynnti mig; ég vildi sýnast ófeiminn en því óþvingaðri sem ég reyndi að vera, þeim mun klaufalegri varð ég. Til að gefa mér færi á að jafna mig og venjast þessum nýja félagsskap, tóku þau tal sín á milli og komu fram við mig eins og góðan nágranna og án nokkurra formlegheita. Á meðan gekk ég um og virti fyrir mér bækur og málverk. Ég er ekki fróður um málverk, en þó vakti eitt þeirra athygli mína. Þar gat að líta landslag einhvers staðar í Sviss, en það var ekki málverkið sjálft sem vakti furðu mína, heldur að á því voru för eftir tvær byssukúlur, hvert ofan í öðru.

– Nei, þetta er laglegt skot, sagði ég og sneri mér að greifanum.

– Já, sagði hann, skotið er sannarlega meistaralegt. Eruð þér góður skotmaður? hélt hann áfram.

– Ekki sem verstur, svaraði ég, feginn því að samtalið hafði sveigst að hlutum sem ég kunní skil á. – Ég gæti hæft spil í þrjátíu skrefa fjarlægð, það er að segja með byssu sem ég er vanur.

– Virkilega, sagði greifynjan, með ósviknum áhuga, – en þú, vinur, myndir þú hæfa spil í þrjátíu skrefa fjarlægð?

– Einhvern tíma, sagði greifinn, – skulum við athuga það. Ég var ekki svo slæmur skotmaður á sínum tíma, en nú hef ég ekki tekið mér byssu í hönd í fjögur ár.

– Ó, sagði ég, – úr því að svo er, þori ég að veðja að yðar tign hittir ekki einu sinni spil í tuttugu skrefa fjarlægð. Skotfimi verður að æfa daglega. Það þekki ég af eigin reynslu. Í minni hersveit þótti ég ein af bestu skyttunum. Einu sinni gerðist það að ég snerti ekki byssu í heilan mánuð, því mínar voru í viðgerð og hvað haldið þér, yðar náð? Þegar ég fór að skjóta á ný, skaut ég fjórum feilskotum í röð á flösku í tuttugu og fimm skrefa fjarlægð. Kapteinninn okkar, spaugsamur og skemmtilegur náungi, stóð þarna hjá fyrir tilviljun og sagði við mig: „Það lítur út fyrir að þú getir ekki lyft hendinni í átt að flöskunni, góði minn.“ Nei, yðar tign, maður skyldi ekki vanrækja þessa list því þá kemst maður fljótt úr æfingu. Besta skytta sem ég hef nokkurn tíma hitt, skaut daglega að minnsta kosti þrisvar sinnum fyrir kvöldmat. Það var honum jafn eðlilegt og að stinga úr vodkastaupi.

Greifinn og greifynjan glöddust yfir því að ég skildi vera farinn að spjalla við þau.

– Hvernig skytta var hann? spurði greifinn.

– Ja, ég skal segja yður það, yðar náð. Hann átti það til, ef hann sá hvar fluga hafði sest á vegginn, hlæið þér, greifafrú? En þetta er heilagur sannleikur. Hann sér flugu á veggnum og hrópar: Kuzka, byssuna! Kuzka kemur með hlaðna byssu. Eitt skot og hann fletur fluguna út á veggnum!

– Þetta er ótrúlegt! sagði greifinn. – Og hvað hét þessi maður?

– Silvio, yðar tign.

– Silvio! hrópaði greifinn upp yfir sig og stökk upp úr sæti sínu, – þekktuð þér Silvio?

– Það er nú líkast til, við vorum kunningjar, honum var tekið eins og einum úr hópnum í hersveitinni okkar, en nú hef ég ekkert heyrt af honum í fimm ár. Svo þér hafið þá þekkt hann líka?

– Já, hvort ég þekkti. Sagði hann yður nokkuð frá ... já, nei, varla; sagði hann yður nokkuð frá afar sérkennilegu atviki ...

– Ekki þó löðrunum, yðar tign, sem einhver ónytjungur rak honum á dansleik?

– Og sagði hann yður nokkuð hvað hann hét þessi ónytjungur?

– Nei, yðar tign. Það gerði hann ekki ... Ó! yðar tign, hélt ég áfram og gat mér til um hið rétta, – afsakið ... ég vissi ekki ... það voruð þó ekki þér? ...

– Ég sjálfur, svaraði greifinn, í greinilegu uppnámi, – og myndin með skotunum er minnisvarði um síðasta fund okkar ...

– Æ, elskan mín, sagði greifynjan, – í guðanna bænum vertu ekki að segja frá þessu, mér finnst svo skelfilegt að hlusta á þetta.

– Jú, svaraði greifinn, – ég ætla að segja honum alla sólaröguna, honum er kunnugt um hvernig ég móðgaði vin hans, því skyldi hann þá ekki fá að vita hvernig Silvio náði fram hefndum.

Greifinn dró fram stól fyrir mig og fullur áhuga hlýddi ég á eftirfarandi frásögn.

„Ég kvæntist fyrir fimm árum. Fyrsta mánuðinum, the honeymoon,<sup>11</sup> eyddi ég hér í þorpinu. Þessu húsi á ég að þakka mínar sælustu stundir en líka eitt skelfilegasta augnablik ævi minnar.

Eitt kvöldið fórum við í útreiðartúr; hestur konu minnar fældist og hún varð hrædd, lét mig hafa tauminn og gekk heim, en ég reið á undan. Fyrir framan húsið sá ég hestvagn og mér var sagt að á skrifstofu minni biði mín maður sem ekki vildi segja til nafns, segðist aðeins eiga við mig erindi. Ég gekk inn í þetta herbergi og í myrkrinu sá ég mann, rykugan og órakaðan; hann stóð hérna við arininn. Ég gekk til hans og reyndi að koma honum fyrir mig.

– Þekkir þú mig ekki, greifi? sagði hann titrandi röddu.

– Silvio! hrópaði ég og viðurkenni að ég fann hvernig hárin risu á höfðinu á mér.

– Einmitt, hélt hann áfram, – ég á inni skot. Ég er kominn til að hleypa af, ertu tilbúinn?

---

<sup>11</sup> Í frumtexta er enska orðasambandið notað. Líkleg ástæða þess er að á tímum Púshkíns var rússneska orðasambandið „медовый месяц“ („hunangsmánuðurinn“, sem er þýðing á enska hugtakinu) ekki orðið jafn algengt og það er í seinni tíð.

Byssan hans stóð upp úr jakkavasanum. Ég mældi tólf skref og tók mér stöðu þarna í horninu og bað hann að skjóta sem fyrst áður en konan mín sneri til baka. Hann fór sér hægt, bað um ljós. Komið var með kerti. Ég lokaði dyrunum og bannaði að nokkur kæmi inn og bað hann aftur að skjóta. Hann tók upp byssuna og miðaði ... Ég taldi sekúndurnar og hugsaði um konuna mína ... Hræðileg mínúta leið! Silvio lét höndina síga.

– Mér þykir leitt að byssan er ekki hlaðin kirsuberjasteinum ... kúlan er þung. Mér sýnist að þetta sé ekki einvígi heldur morð, ég er ekki vanur því að miða á vopnlausan mann. Byrjum upp á nýtt; vörpum hlutkesti um hver skýtur fyrstur.

Allt hringsnerist í höfðinu á mér ... Ég held ég hafi reynt að hreyfa einhverjum mótmælum ... Að lokum hlóðum við aðra byssu. Við rúlluðum upp tveimur miðum, hann lagði þá í derhúfuna sem ég hafði einu sinni skotið í gegnum og ég hafði aftur vinninginn.

– Greifi, þú ert djöfullega heppinn, sagði hann með glotti sem ég gleymi aldrei.

Ég skil ekki hvað gekk að mér eða hvernig hann fékk mig til þess ... en ég skaut og hitti þessa mynd. (Greifinn benti á myndina með skotförunum, andlit hans logaði, greifynjan var orðin fölari en vasaklúturinn sem hún hélt á; ég réð ekki við mig og rak upp óp.)

Ég skaut, hélt greifinn áfram, og hitti ekki, guði sé lof, og Silvio ... (hann var sannarlega ógnvekjandi á þessari stundu), Silvio miðaði á mig. Skyndilega opnuðust dyrnar. Masha<sup>12</sup> hleypur inn og hendir sér hrópanði um hálsinn á mér. Ég endurheimti kjarkinn við að sjá hana.

– Ástin mín, sagði ég við hana, – sérðu ekki að við erum bara að gera að gamni okkar. Voðalega varðstu hrædd! Farðu og fáðu þér glas af vatni og komdu svo; ég þarf að kynna fyrir þér minn gamla vin og féлага.

En Masha trúði mér ekki.

– Segið mér, er maðurinn minn að segja satt? sagði hún og sneri sér að hinum illúðlega Silvio, – er það satt að þið séuð bara að gera að gamni ykkar?

---

<sup>12</sup> Gælunafn fyrir „Марья/Мария“, María.

– Hann er alltaf að gera að gamni sínu, greifynja, svaraði Silvio henni, – einu sinni gaf hann mér utan undir að gamni sínu, hann skaut í gamni í gegnum þennan hatt og nú hitti hann mig ekki, allt í gamni og nú er komið að mér að gera að gamni mínu ...

Og með þeim orðum miðaði hann á mig ... að henni viðstaddri. Masha kastaði sér að fótum hans.

– Stattu upp, Masha, þetta er skammarlegt! hrópaði ég viti mínu fjær, – en þér herra minn, ætlið þér ekki að hætta að hæðast að vesalings konunni? Ætlið þér að skjóta eða ekki?

– Ég ætla ekki að skjóta, svaraði Silvio, – ég er ánægður, ég hef séð skelfingu þína og kjarkleysi. Ég fékk þig til að skjóta á mig, ég er ánægður. Þú gleymir mér ekki. Ég fel þig eigin samvisku á vald.

Hann ætlaði að fara en stansaði í dyrunum, leit á myndina sem ég hafði hæft, skaut á hana nánast án þess að miða og fór. Kona mín lá í yfirliði; þjónarnir dirfðust ekki að stöðva hann en fylgdust skelfdir með honum, hann fór út á veröndina, kallaði á ekilinn og var farinn áður en ég náði að átta mig.“

Greifinn þagnaði. Þannig fékk ég að heyra lok sögunnar sem eitt sinn hafði haft svo mikil áhrif á mig. Hetju hennar hitti ég aldrei framar. Það er sagt að Silvio hafi verið fyrirliði í sveitum eterista í uppreisn Alexanders Ipsilanti og verið drepinn í orrustunni við Skúljaní.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Alexander Ipsilanti (1792–1828), undirhershöfðingi í rússneska hernum, var forystumaður í sveit uppreisnarbandalagsins Filiki Eteria í Moldavíu, sem bardist fyrir sjálfstæði Grikklands og gerði misheppnaða uppreisn gegn Tyrkjum í mars 1821. Lokaorrustan í þeirri uppreisn var háð við Skúljaní í júní 1821, þar sem nokkur hundruð uppreisnarmenn urðu að lúta í lægra haldi fyrir ofurefli Tyrkja. Púshkín hafði hitt Ipsilanti árið 1820 í Kíshínjov. Í sögu Púshkíns „Кирджали“, 1834, segir af þessari orrustu.